

LAXÁ Í AÐALDAL 1988

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1989

VMST-N/89010



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

LAXÁ Í AÐALDAL 1988

INNGANGUR

Sumarið 1988 voru athuganir í Laxá með svipuðum hætti og árin á undan. Rafveitt var á sömu stöðum og áður, og veiðimenn söfnuðu hreistursýnum af veiddum löxum.

Þetta var gott veiðisumar í heildina tekið. Á tímabili var áin mjög lituð vegna þörungablóma í Mývatni og þetta, ásamt miklum hlýindum, orsakaði veiðitregðu á tímabili. Þegar upp var staðið komu 2260 laxar á land, þar af um 1350 smálaxar. Þetta eru álíka margir smálaxar og veiddust 1986 og er fjórða besta smálaxaárið frá því að regluleg skráning veiðinnar hófst.

Allt bendir til að stórlaxagengd verði með besta móti í sumar. Laxar sem merktir voru sem gönguseiði í Laxá 1987 hafa komið fram í úthafsveiðum Færeyinga og Grænlandinga í umtalsverðu magni en slíkt hefur ekki gerst fyrr. Áhrif þessara veiða á stórlaxagengd í sumar gæti orðið töluverð. Það er erfitt að reikna þar nákvæmlega út, því margar forsendur verða að standast eigi útreikningarnir að vera raunhæfir. Ég ætla þó úthafsveiðarnar geti minnkað stórlaxagöngur í Laxá um 10-15% frá því sem þar hefðu orðið ef engar úthafsveiðar væru stundaðar. Nánari útlitun á þessu er að finna í sérstakri skýrslu (Tumi Tómasson 1989).

ATHUGANIR Á SEIÐASTOFNUM

Sumarið 1988 voru seiðastofnar Laxár kannaðir með rafveiðum þrisvar sinnum, í byrjun júní, um miðjan júlí og að lokum í byrjun september. Veitt var á hefðbundnum stöðum, en að auki var sérstaklega athugaður seiðastofn á svæðum þar sem átak hefur verið gert til að bæta uppeldisskilyrði fyrir seiði. Þá var einnig rafveitt í landi Árness vegna sérstakra óska þar um.

Öll seiði sem veiddust voru greind til tegundar og lengdarmæld, og aldurssýni tekin af nokkrum þeirra til frekari staðfestingar á niðurstöðum lengdardreifingarinnar. Smáseiði sem sleppt er í Laxá þekkjast frá náttúrulegum seiðum fyrstu vikurnar vegna þess hve frábrugðin þau eru að lögun og lit. Þegar frá líður aðlagast þau betur sínu nýja umhverfi og verða ekki greind frá náttúrulegum seiðum á útlitinu einu.

Í Töflu 1 er að finna yfirlit yfir þá staði sem veitt var á s.l. sumar. Niðurstöður rafveiðanna eru síðan settar fram í Töflum 2 og 3 í Myndum 1-6.

Náttúruleg seiði

Almennt má segja að ástand náttúrulegra seiðastofna sé gott. Útbreiðsla, þéttleiki og stærð vorgamalla seiða í september var líkt því sem var haustið 1987.

Vöxtur seiða var mjög góður enda áin mjög næringarrik vegna þörungablómans í Mývatni. Þetta góða ástand varð til þess að stór hluti 2+ seiða urðu göngubroska. Þetta batti göngu-seiðaframleiðsluna töluvert, en samt verður að gera ráð fyrir að hún hafi verið nokkru minni en árið á undan, en þá var ástandið líka með eindæmum gott.

Góð gönguseiðaframleiðsla vorið 1987 rýmkaði til á þeim seiðum sem eftir urðu og stærð og fjöldi 1+ seiða neðarlega í Laxá (staðir 6 og 7) hefur sjaldan verið meiri. Það mætti því reikna með að framleiðsla á þessum svæðum verði svipuð nú í vor og s.l. vor, að öðrum þáttum óbreyttum.

Það kom í ljós að þrátt fyrir að mjög fá vorgömul seiði hafi fundist neðst í Laxá haustið 1987 fjölgaði seiðum þar af þessum árgangi (klak 1987) verulega sumarið 1988. Þetta er í samræmi við reynsluna af 1986 árganginum að yngstu seiðin hafa ekki numið þetta svæði að fullu fyrr en í upphafi annars ár. Auk laxaseiða er einnig töluvert uppeldi urriðaseiða í Laxá. Í lok þessa kafla verður fjallað sérstaklega um þau.

Sleppiseiði

Á undanförunum árum hefur verið sleppt töluvert miklu af småseiðum á laxgeng svæði Laxár. Þetta var gert vegna lélegrar náttúrlegrar nýliðunar. Þessar sleppingar báru mikinn árangur 1984 og 1985. Sleppingin 1986 tókst ekki eins vel, seiðin uxu illa og afföll á þeim urðu veruleg (Tumi Tómasson 1987).

Almennt má segja að sleppingar takist því verr sem fleiri seiði eru fyrir á því svæði sem sleppt er á, enda eykst samkeppnin um pláss og fæðu í samræmi við það. Það er því ekki við því að búast að sleppingarnar 1986-1988 skili sama árangri og fyrri sleppingar. Góður vöxtur náttúrulegra seiða á þessum sama tíma bendir hinsvegar til að sleppingarnar hafi fyrst og fremst komið sem viðbót við þau seiði sem fyrir voru en ekki í staðinn fyrir þau.

Seiðin sem sleppt var 1987 voru til að byrja með áberandi stærri en jafngömul náttúruleg seiði. Vöxtur þeirra var þó hægari og stærðarmunurinn á þessum tveimur hópum minnkaði þegar leið á sumarið (Tumi Tómasson, 1988). Í ágúst 1987 var hlutfall sleppiseiða af þeim árgangi 20-40% á flestum stöðum en var almennt komið niður í um 10-20% í september. Þetta hlutfall virtist lítið hafa breyst í júní 1988 (Tafla 2, Mynd 1) en þá hafði enn dregið saman með stærð seiðanna. Í síðari rafveiðunum var ekki hægt að greina að 1+ seiði eftir uppruna, en ætla má að um 10% af árganginum sé úr sleppingum.

Í rafveiðunum haustið 1987 virtist nýliðun hafa orðið mjög óveruleg í neðri hluta Laxár. Því var sleppt eldisseiðum á þau svæði vorið 1988. Í rafveiðunum í júní kom þó í ljós að verulegt magn náttúrulegra 1+ seiða hafði numið þetta svæði. (Mynd 1, Tafla 2, st 6 og 7). Sleppiseiðin (0+) voru þá álíka stór og minnstu 1+ náttúrulegu seiðin.

Þegar leið á sumarið dró heldur í sundur með þessum hópum, en hlutfallslegur styrkleiki þeirra hélst nánast óbreyttur, þ.e. rúm 20% voru 0+ eldisseiði. Það er þó ljóst að eldisseiðin þurfa að vera tvö ár í ánum áður en gönguproska er náð, en líklega fer rúmlega helmingur 1+ seiðanna niður sem 2+ seiði vorið/sumarið 1989. Það lítur þó út fyrir að þessi slepping muni heldur verða til góðs.

Þann 12. ágúst var aftur sleppt smáseiðum, og þá á efri hluta Laxár. Þetta var gert þegar séð var hve vel seiðin í ánni döfnuðu og stjórn Veiðifélagsins mat það svo að óhætt væri að bæta á garðann. Þessi seiði voru tiltölulega smærri en seiðin í vorsleppingunni, enda höfðu seiðin sem sleppt var um vorið verið stærstu seiðin úr stöðinni á þeim tíma. Í september voru seiðin úr haustsleppingunni heldur stærri en jafngömul seiði úr náttúruklaki. Flestum seiðunum var sleppt í kringum Hólmavað og Tvíflúðir (staðir 2b-4b) og í september voru sleppiseiði að jafnaði um 30-50% af 0+ seiðum á þessum stöðum (Tafla 2, Mynd 3). Þessi sleppiseiði voru ekki búin að aðlaga sig ánni s.l. haust og það verður að bíða sumarsins til að sjá hvernig þeim reiðir af.

Bústaðgerð fyrir seiði

Í Laxá er botninn víða þéttur og sléttur, eiginleikar sem henta uppvaxandi laxaseiðum illa. Svo virðist sem botninn hafi verið mun grófari og gljúpur þegar Karlström skoðaði Laxá 1972 (Karlström 1972). Þessa þróun má e.t.v. að einhverju leiti rekja til aukins framburðar en meginorsökin er líklega aukin miðlun á rennsli árinna með tilkomu miðlunar í Mývatn.

Botnagerð fer eftir straumhraða, en burðargeta vatns vex í veldisfalli miðað við rennsli. Það er því fyrst og fremst í stórum og sjaldgæfum flóðum sem botninn verður grófur en þess á milli sest í hann. Með tilkomu miðlunarinnar hefur tekið fyrir mikil flóð og ruðninga sem áður gerðust af og til.

Laxaseiði þrífast best úti í straumnum en vilja þá vera í vari við steina, gróður o.s.frv. Á veturna þegar vatnið er kallt þarfnast seiðin mun meira skjóls, því þau geta hvorki aflað sér né nýtt nægilega orku þegar kalt er til að halda sínum stað í straumnum. Þá leita þau niður í botninn. Í Laxá sést þetta vel á stað 5. Þar veiðast yfirleitt mjög fá seiði snemma á vorin, áður en áin fer að hlýna. Á þessum tíma er hinsvegar mikill fjöldi seiða á stað 5a, þar sem búið er að gera "grjótaskjól" í lítilli kvísl. Seinna um sumarið er svo oft mikið af seiðum á stað 5.

Á undanförnum árum hefur verið reynt að bæta búsvæði fyrir laxaseiði á nokkrum stöðum í Laxá og hefur þeim framkvæmdum verið lýst í fyrri skýrslum.

Stærsta átakið var gert sumarið 1986 þegar nýbakaður bandarískur verkfræðingur, Scott Wenger, gerði tvennskonar grjótagarða í landi Ytra Fjalls, við Tvíflúðir. Þarna er áin fremur grunn, sæmilega straumhörð og þéttur, sléttur botn. Garðarnir voru gerðir þannig að, áin féll yfir þá og fram af þeim og sögið sem myndast við fallið átti að vera nóg til að draga sandinn í gegnum garðinn, án þess að hann fylltist, en í mörgum tilfellum áður hafði sandur sest í þau grjótaskjól sem gerð höfðu verið.

Til að meta árangur þessara garða hefur af og til verið veitt í þeim (staðir 2c og 2e) og til samanburðar veitt á jafnstóru svæði um 40 m ofar (2b og 2d), þar sem botngerð og straumlag er eins og það var á þessum stöðum, áður en garðarnir voru gerðir.

Við rafveiðarnar hefur komið í ljós að hvergi í Laxá er að finna sama þéttleika seiða eins og í þessum görðum (Tafla 2). Það virðist bókstaflega að endalaust sé hægt að "soga" seiðin úr görðunum með rafmagninu. Seiðin dafna vel, þrátt fyrir mikinn þéttleika, og líklega nýta þau sér fæðu af mun stærra svæði.

Þrátt fyrir að mikið hafi veiðst af seiðum í þessum görðum haustið 1988, rúmunum tveimur árum eftir að þeir voru gerðir er ljóst að þeir þarfnast viðhalds. Efri garðurinn fór mjög illa strax fyrsta veturinn, vegna þess að ísinn lyfti grjótapylsu úr girðingarefni sem var notuð til að afmarka neðsta hluta garðsins, upp af festingum sínum. Við gerð neðri garðsins var eingöngu notað grjót og hefur sá enst mun betur. Miðað við þann árangur sem sýnilega hefur orðið að gert grjótagarðanna vil ég hvetja menn til að gera fleiri og til að halda þeim við sem þegar hefa verið gerðir.

Útbreiðsla og vöxtur urriðaseiða

Urriða er að finna um alla Laxá. Töluvert er veitt af urriða í net snemma á vorin og hann veiðist einnig dálítið á stöng yfir sumarið. Á efstu svæðunum fyrir neðan virkjunina er góð urriðaveiði allt sumarið, og er urriði uppistaðan í stangveiðinni þar.

Urriðaseiði keppa best við laxaseiði þar sem er skjólgott í ánni, einkum upp við bakka eða þar sem mikill gróður er. Urriðaseiðin eru ekki eins vel aðlöguð straumnum og laxaseiðin. Urriðaseiði hafa minni eyrugga, dýpri líkama og sverari styrtlu og þverari sporð. Laxinn getur notað strauminn til að skýla sér frá óvinum en urriðinn leitar heldur skjóls undir hlutum, t.d. bökkum, steinum, gróðri o.s.frv.

Á lygnum svæðum í Laxá er urriðinn ríkjandi tegund. Fyrir neðan virkjunina er stuttur flúðakafli sem laxaseiði nýta betur en urriði (staður 1), en þar fyrir neðan er áin breið, lygn og sendin niður undir Tvíflúðir. Fyrir utan litla brotakafli við Hraunstíflu og Skáleyjarstíflu er urriði ríkjandi tegund á þessu svæði.

Í rafveiðunum sést einnig að heildarþéttleiki og hlutfall urriðaseiða í veiðinni minnkar þegar neðar dregur (Töflur 2 og 3). Ekki hefur verið hægt að merkja að miklar breytingar hafi orðið á styrkleika urriðastofnsins á undanförunum árum. Ef búsvæði fyrir laxaseiði halda áfram að rýrna er hætt við að staða urriðans í ánni styrkist sé til lengri tíma litið. Það er því mikilvægt að sporna við þeirri þróun með vorveiðum á urriða og búsvæðagerð fyrir lax.

ÁRANGUR GÖNGUSEIÐASLEPPINGA

Vorið 1986 var alls sleppt 10400 gönguseiðum í Laxá. Þessi seiði voru ekki merkt. Samkvæmt greiningu hreisturs mátti ætla að 6% smálaxanna 1987 eða 44 laxar hefði mátt rekja til þeirrar sleppingar. Samkvæmt greiningu hreisturs úr veiðinni 1988 mátti rekja 3% stórlaxanna til þessarar sömu sleppingar (3 sýni), sem samsvarar um 25 lögum. Heildarheimtur úr gönguseiðasleppingum 1986 virðast því vera um 0.7%. Þessir útreikningar byggja á örfáum sýnum og því rétt að taka þá með nokkrum fyrirvara.

Vorið 1987 var sleppt alls rúmlega 8000 gönguseiðum í fjórum hópum sem voru merktir sérstaklega. Tveimur hópnum var sleppt í ósinn eftir aðlögunartíma í flotkví, en hinum tveimur var sleppt við Árneshöfn og Hólmavað. Ég hef ekki upplýsingar um hvorum hópnum var sleppt á hvorn stað.

Endurheimtur úr gönguseiðasleppingum eru þær langbestu sem hingað til hafa fengist í Laxá í Aðaldal, eða um 1% á fyrsta ári (Tafla 4). Þessar heimtur eru allar reiknaðar út frá skiluðum merkjum, en ekki er nákvæmlega vitað hve mikil skilin eru. Samkvæmt upplýsingum Völundar Hermóðssonar voru um 20% smálaxa sem veiddust á veiðisvæði Árneshöfn, eða 45 laxar. Hinsvegar skiluðu sér ekki nema 23 merki þaðan eða rétt um helmingur.

Það er áberandi að sleppingarnar í Árneshöfn og Hólmavaði skila sér tvisvar sinnum betur í veiðinni þar en laxar úr ósa-sleppingunni. Í raun er þetta hlutfall líklega enn hærri því í Vökuholt koma einnig laxar veiddir fyrir löndum Hólmavaðs og Ytra Fjalls.

Heildarheimtur smálaxa úr sleppingunum fyrir neðan Þórfossa eru um 25% meiri en úr sleppingunum ofar í ánni. Hinsvegar er breytileiki á heimtum milli hópa mun meiri en milli svæða og þetta er því augljóslega ekki marktækur munur.

Örmerkingar eru dýrar, en að mínu mati nauðsynlegar til að hægt sé að leggja raunhæft mat á árangur gönguseiðasleppinga. Slíkt mat er einmitt grundvöllur þess að hægt sé að þróa sem bestar aðferðir við eldi og sleppingar gönguseiða. Þess utan gefa merkingarnar okkur vísbendingu um veiðar á laxastofni Laxár í Aðaldal utan árinna, eins og vikið var að í upphafi skýrslunnar. Mikilvægt er að samfara auknum merkingum verði gert átak í að fylgjast með merktum lögum í afla veiðimanna, skrá um þá upplýsingar og taka af þeim sýni.

ALDURSGREINING HREISTURSÝNA

Alls bárust 226 sýni af lögum sem veiddust 1988. Niðurstöður aldursgreininganna eru teknar saman í Töflu 5.

Af smálaxinum hafa flestir dvalið tvö til þrjú ár í ferskvatni. Ætla má að a.m.k. helmingur smálaxa með tvö ferskvatnsár séu úr sleppingu 1985 en það er erfitt að greina þá frá náttúrulegum laxi með mikilli vissu. Það er enn stórt hlutfall af smálaxi með þrjú ferskvatnsár. Þetta má að hluta rekja til þess að 1985 var fremur kallt og því hátt hlutfall 1+ sleppiseiða og 2+ náttúrulegra seiða sem fóru ekki úr vorið 1986, heldur biðu eitt ár enn. Það var að hluta til þessi uppsöfnun seiða í ánni sem kom fram í minnkandi smálaxagengd 1987 og síðar mikilli aukningu 1988. Þá hefur hlutfall smálaxa úr hliðaránum aukist aftur eins og sést á fjölda smálaxa með 4-5 ár í ferskvatni.

Hlutfall stórlaxa með tvö og þrjú ferskvatnsár hefur minnkað verulega frá því sem var í smálaxinum árið 1987. Þetta endurspeglar að verulegu leiti að elstu og stærstu seiðin eru þau sem fyrst ganga til sjávar á vorin og hafa jafnframt sterkasta tilhneigingu til að ganga sem smálax. Hátt hlutfall stórlaxa með tveggja ára ferskvatnsdöl er áttuð úr sleppingu 1984. Ekki er þó gott að gefa nákvæmar tölur þar um, nema eftir nákvæmari greiningu.

ÁLYKTANIR

Verði vorið kalt má reikna með að stór hluti 2+ seiða muni sitja eftir í ánni eitt ár enn. Þetta, ásamt litlu hlutfalli af 3+ seiðum, sem örugglega munu fara út í vor, hefur tvær afleiðingar í för með sér. Í fyrsta lagi mun draga úr gönguseiðaframleiðslu og þar með smálaxagengd 1990. Í öðru lagi mun ásetningur seiða í ánni aukast.

Til að mæta þessu tel ég að leggja beri aukna áherslu á sleppingu gönguseiða í vor, ekki síst með hliðsjón af þeim góða árangri sem varð af slíkum sleppingu 1987. Leggja ber ríka áherslu á að merkja þessi seiði eftir því sem kostur er. Jafnframt er líklegt að við þessar aðstæður munu smáseiða-sleppingar skila mjög litlum árangri, og jafnvel hafa áhrif sem ganga þvert á markmið þeirra. Rétt er þó að taka ekki endanlega ákvörðun um slíkar sleppingar fyrr en að loknum

athugunum í vor þegar séð verður hver raunveruleg framvinda mála hefur orðið.

Að lokum er vert að ítreka það að litlar sveiflur í rennsli og mikill framburður skerðir uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði og styrkir hlutfallslega stöðu urriðans. Því er rétt að gera átak í gerð búsvæða fyrir laxaseiði og viðhalda þeim sem þegar hafa verið búin til. Hugsanlega þyrfti einnig að huga að því að bæta veiðistaði eða búa til nýja af sömu ástæðu.

HEIMILDASKRÁ

Karlström, Ö. 1972. Redogörelse för lax- och öringproduktionundersökningar i Laxá i Aðaldal. Skýrsla til Iðnaðarráðuneytisins, 18 bls

Tumi Tómasson 1987. Laxá í Aðaldal 1985 og 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/87008, 26 bls.

1988. Laxá í Aðaldal 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/88011X 14 bls.

1989. Áhrif úthafsveiða á laxveiðina í Laxá í Aðaldal 1986. VMST-N/89010, 5 bls.

Tafla 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Aðaldal 1988. Veiðidagur gefur til kynna hvenær var veitt, um 6. júní (1), 18. júlí (2) og um 7. september (3).

Númer	Veiðidagur	Staðsetning og einkenni
1	1.2.3.	Fyrir neðan virkjun, við vesturbakkann. Grýtt og straumhart.
2	1.2.3.	Fyrir neðan Hraunstíflu, við austurbakkann. Smágrýtt í bland. en víðast sléttur þjappaður botn.
x	3	I kvísl við Laxhólma í landi Syðra Fjalls, í einföldum grjótgarði sem gerður var fyrir um haustið.
2b	3	Um 20 m fyrir ofan efri grjótgarð sem Scott gerði við Tvíflúðir 1986. Botninn sléttur og þjappaður.

Tafla 1. Framhald.

Númer	Veiðidagar	Staðsetning og einkenni
2c	1.3.	Efri grjótgarður við Tvíflúðir sem Scott gerði.
2e	1.3.	Neðri grjótbreiða sem Scott gerði 1986.
3	1.2.3.	Við Langey, í kvíslinni. Smágrýtt læna, víða skjóllítið.
4	1.2.3.	Fyrir ofan Hólmavaðsbrú að vestan. Smágrýtt við landið, en þjappaður hraunbotn utar.
4b	3	Við austurbakkann á móts við Hólma-vað, þar sem áin breiðir úr sér. Staksteinótt, en almennt sendinn hraunbotn.
4c	2	Í landi Árness, í Grástraumi. Grunnt, fínt hraunbrot við landið.
4d	2.3.	Í landi Árness, við Þvottastreng. Straumbrot með fínum hraunbotni.
5a	1	Áveituskurður skammt fyrir ofan stað 5. Haustið 1986 var sett grjót í skurðinn en að öðru leiti er botninn sléttur og þjappaður, fínt gjall og sandur.
5	1.2.3.	Við Jarlsstaði að vestan, klappar-flúð.
5c	2	Grunnt brot með fínum hraunbotni, í kvísl í landi Knútsstaða.
6	1.2.3.	Fyrir ofan Núpabrá, í vesturkvísl við hólma. Grýtt flúð.
7	1.2.3.	Í kvísl við Eskey, fyrir neðan hólma. Víðast smágrýtt.

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m í Laxá í Aðaldal 1988, eftir veiðistað, aldri og uppruna seiða.

6.-8. júní 1988

Staður	Stærð m	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m				
		0+ss	1+n	1+ss	2+	2+ss
1	60x5	-	3.0	1.7	-	-
2	40x7	-	5.0	0.4	-	-
2c	4x22	-	33.0	17.1	4.6	2.3
2e	7x10	-	152.9	14.3	27.0	-
3	60x5	-	11.7	3.0	3.3	-
4	50x6	-	5.0	1.3	-	-
5a	45x26	-	20.5	10.7	10.7	-
5	45x8	-	16.9	0.6	0.6	-
6	45x20	4.9	12.8	1.7	2.2	0.2
7	60x10	6.7	15.5	-	3.0	1.2

18.-19. júní 1988

Staður	Stærð m	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m			
		0+	0+ss	1+	2+
1	50x8	3.3	-	9.8	-
2	35x10	1.4	-	4.0	-
3	75x6	-	-	4.9	-
4	50x8	0.5	-	0.8	-
4c	30x3	31.1	-	3.3	-
4d	30x6	23.3	-	3.3	0.6
5	45x8	18.3	-	8.9	0.3
5c	20x5	3.0	5.0	3.0	-
6	45x20	-	3.6	10.2	0.7
7	60x10	0.5	6.8	15.5	2.2

7.-8. september 1988

Staður	Stærð m	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m			
		0+	0+ss	1+	2+
1	50x4	8.0	2.0	4.5	0.5
2	40x8	12.2	0.6	1.2	-
x	4x10	7.5	5.0	12.5	2.5
2b	5x20	2.0	-	2.0	-
2c	5x20	16.0	6.0	45.0	4.0
2e	10x10	42.0	15.0	55.0	-
3	50x6	1.7	3.0	6.0	-
4	50x6	1.7	4.2	3.0	-
4b	30x20	4.3	2.7	1.2	-
4d	4x12	2.3	-	-	-
5	45x8	9.2	0.8	4.7	-
6	45x10	0.9	3.3	14.0	1.3
7	60x10	0.2	6.5	15.7	3.3

Tafla 3. Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 m í Laxá í Aðaldal 1988, eftir aldri og veiðistað.

6.-8. júní 1988

Staður	Stærð m	Fjöldi veiddra urriða seiða á hverja 100 m		
		1+	2+	3+
1	60x5	1.7	1.3	0.7
2	40x7	1.4	-	-
2c	4x22	22.7	4.6	5.7
2e	7x10	65.7	8.6	-
3	60x5	10.0	-	-
4	50x6	1.3	-	-
5a	45x25	30.4	8.0	5.4
5	45x8	2.8	0.3	0.6
6	45x20	2.7	0.1	-
7	50x10	0.5	-	0.2

18. júlí 1988

Staður	Stærð m	Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 m		
		0+	1+	2+
1	50x18	1.3	2.0	-
2	35x10	0.9	1.4	-
3	75x6	2.2	2.4	-
4	50x8	0.3	3.8	0.3
4c	30x3	2.2	-	-
4d	30x6	2.2	5.0	-
5	45x8	2.5	1.7	-
5c	20x5	-	2.0	-
6	45x20	-	1.2	0.2
7	60x10	0.2	1.0	0.3

7.-8. september 1988

Staður	Stærð m	Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 m		
		0+	1+	2+
1	50x4	3.5	1.5	-
2	40x8	3.8	0.9	-
x	4x10	17.5	2.5	-
2b	5x20	1.0	-	-
2c	5x20	6.0	9.0	2.0
2e	10x10	16.0	8.0	-
3	50x6	7.7	1.7	0.3
4	50x6	4.3	1.7	-
4b	30x20	8.3	0.2	0.2
4d	4x12	2.1	-	-
5	45x8	1.4	0.8	0.3
6	45x10	-	0.7	-
7	60x10	0.2	-	0.3

Tafla 4. Samantekt á merkjum sem skilað var til Veiðimála-
stofnunar úr smálaxi veiddum 1988 og rekja mátti
til gönguseiðasleppinga í Laxá í Aðaldal 1987.


Fjöldi	Sleppi staður	Endurh í Vökuholt		Endurh í Árnes		Endurh úr öðrum ám		Samtals	
		fj	%	fj	%	fj	%	fj	%
2347	neðri	17	0.72	7	0.30	5	0.21	29	1.24
1658	neðri	10	0.60	1	0.06	1	0.06	12	0.72
4005	neðri	27	0.67	8	0.20	6	0.15	41	1.02
1901	efri	6	0.32	10	0.53	4	0.21	20	1.05
2106	efri	4	0.19	5	0.24	4	0.19	13	0.62
4007	efri	10	0.25	15	0.37	8	0.20	33	0.82

Neðri sleppistaður er fyrir neðan Æðarfossa (ósaslepping) og efri sleppistaðirnir eru við Hólmavað og Árnes. Af 14 lögum sem veiddust í öðrum ám komu 8 úr Hofsa og 2 úr Selá í Vopnafirði og 4 úr Vatnsdalsá.


Tafla 5. Samantekt niðurstaðna úr aldursgreiningu hreistur-
sýna sem tekin voru úr laxveiðinni í Laxá í Aðaldal
sumarið 1987.

Ar í ferskv	1		Ár í sjó		3	
	fj	%	fj	%	fj	%
gs	4	3	3	3	-	-
1+	1	1	1	1	-	-
2+	51	41	49	56	1	33
3+	47	38	25	28	2	67
4+	19	15	10	11	-	-
5+	1	1	-	-	-	-
Samtals	123	101	88	99	3	100


Að auki bárust 9 sýni af lögum sem voru að hrygna í annað sinn og 3 ólæsileg sýni.




Mynd 1. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Laxá í Aðaldal 6. júní 1988.




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Laxá í Aðaldal 18. júlí 1988.




Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Laxá í Aðaldal 7. september 1988.



Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í Laxá í Aðaldal 6. júní 1988.



Mynd 5. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í Laxá í Aðaldal 18. júlí 1988.



Mynd 6. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í Laxá í Aðaldal 7. september 1988.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Lax í Adalhlíð

Fisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 226

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	10.06	♀	74	4	3 ⁺	2 ⁺	Foss hylur
2	— " —	♀	84	6.5	3 ⁺	2 ⁺	Vallarvatn
3	— " —	♀	105	13	3	2 ⁺ 1 ⁺	Skallur
4	11.06	♀	90	7	3 ⁺	2 ⁺ 1 ⁺	Háskólaflói
5	— " —		88	7.5	4 ⁺	2 ⁺	Míðfoss
6	— " —	♀		6.2	3 ⁺	2 ⁺	Vallarvatn
7	— " —	♀	80	5	2 ⁺	2 ⁺	Þjargstrengur
8	— " —	♀	82	5.5	3 ⁺	2 ⁺	Þreid
9	12.06	♀	90	8	3 ⁺	2 ⁺ 1 ⁺	Háskólaflói
10	14.06	♀	86	6	4 ⁺	2 ⁺	
11	— " —	♀	80	7	2 ⁺	2 ⁺	Lomsvængur
12	— " —	♀	85	6	2 ⁺	2 ^{ss}	Háskólaflói
13	15.06	♀		4.5	4 ⁺	2 ⁺	Blá-Háskóla
14	19.06	♂	64	2.5	3 ⁺	1 ⁺	Þjargstrengur
15	— " —	♂	95	9.5	4 ⁺	2 ⁺	Kristuhylur
16	— " —	♂	101	9.5	3 ⁺	3	Flösn
17	21.06	♀	86	7.4	2 ⁺	2 ⁺	Þjargstrengur
18	23.06	♀	85	6.5	2 ⁺	2 ⁺	
19	— " —	♂	95	8.5	2 ⁺	2 ⁺	Krossvegur
20	24.06	♀	90	7	2 ⁺	2 ⁺	Skóla
21	26.06	♀	83	5.5	2 ⁺	2 ⁺	Kristuhylur
22	— " —	♀	62	2.5	3	1 ⁺	Þjargstrengur
23	— " —	♀	84	6	2 ⁺	2 ⁺	— " — " — " —
24	27.06	♀	85	6.5	3 ⁺	2 ⁺	Kristuhvöl
25	— " —	♂	70	3.5	3 ⁺	1 ⁺	Flösn
26	— " —	♂	65	3	4	1 ⁺	Míðfoss
27	— " —	♂	65	3	3 ⁺	1 ⁺	Þjargstrengur
28	— " —	♂	61	2.5	4 ⁺	1 ⁺	Kristuhvöl
29	— " —	♂	60	2.5	2 ⁺	1 ⁺	— " — " — " —
30	— " —	♀	85	6.5	3 ⁺	2 ⁺	Þjargstrengur
31	— " —	♂	58	2	3 ⁺	1 ⁺	Kristuhvöl
32	28.06	♀	54	2	3	1 ⁺	

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Laxá í Aðaldal

Fisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 226

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
34	28.06	♀	63	2.5	3 ⁺	1 ⁺	
35	— " —	♀	85	6	2 ⁺	2 ⁺	
36	— " —	♀	79	4.5	3 ⁺	2 ⁺	
37	— " —	♀	85	6	2 ⁺	2 ⁺	
38	— " —	♀	83	6	2 ⁺	2 ⁺	
39	— " —	♂	94	7.5	3 ⁺	2 ⁺	
40	— " —	♀	86	6	4 ⁺	2 ⁺	
41	— " —	♂	65	3	4	1 ⁺	
42	— " —	♀	66	3	3 ⁺	1 ⁺	
43	08.07	♀	85	7	2 ⁺	2 ⁺	Óreyri
44	— " —	♀	59	2.5	3	1 ⁺	
45	— " —	♂	61	3	2 ⁺	1 ⁺	
46	— " —	♀	60	2.5	4	1 ⁺	
47	11.07		85	6.5	2 ⁺	2 ⁺	Óreyri
48	12.07	♀	65	3	2 ⁺	1 ⁺	Breiddan
49	— " —	♀	85	5	2 ⁺	2 ⁺	— " — " —
50	— " —	♀	85	6	2 ⁺	2 ⁺	— " — " —
51	— " —	♀	80	5.5	3 ⁺	2 ⁺	Þjargstrengur
52	— " —	♀	80	5	3 ⁺	2 ⁺	Breiddan
53	— " —	♀	90	6.5	Ómög. Lax		— " — " — " —
54	— " —	♀	80	5.5	3 ⁺	2 ⁺	Juduhólmur
55	— " —	♀	80	5.5	2 ⁺	2 ⁺	Wipabreidda
56	— " —	♂	95	8	2 ⁺	2 ^{ss}	Breiddan
57	— " —	♂	90	8	4 ⁺	2 ⁺	Fersbrúin vestan
58	— " —	♂	90	7.5	2 ⁺	2 ⁺	Óreyri
59	— " —	♂	65	3	2 ⁺	1 ⁺	Middjars
60	— " —	♀	65	2.5	3 ⁺	1 ⁺	Háðhola
61	— " —	♂	65	3	3 ⁺	1 ⁺	Laxatangi
62	— " —	♀	60	2.5	3 ⁺	1 ⁺	Flöðin
63	— " —	♂	63	2.8	3 ⁺	1 ⁺	Þjargstrengur
64	— " —	♂	65	2.5	4	1 ⁺	Breiddan
65	— " —	♂	100	8.5	3 ⁺	2 ⁺	Juduhólmur
66	15.07	♂	73	3.5	2 ⁺	1 ⁺	Slúla

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Laxa í Aðablat

Fisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 336

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
67	15.07	♀	87	6.5	2+	2+	Strúðhólmi
68	— " —	♂	97	9.5	3+	2+ ⁴⁺	— " — " — " —
69	17.07	♀	83	7	3+	1+	Laugaploð
70	19.07	♀	80	5	3+	2+	Hólmaheist
71	— " —	♂	70	4	3+	1+	Breida
72	— " —	♂	100	9.5	2	2+ ⁽⁵⁺⁾	Mjórsund
73	— " —	♂	102	10	3+	2+	Dýjavíkur
74	— " —	♂	89	7.5	2+	2+	Óseyri
75	— " —	♂	81	5.5	2+	2+	Strúðhólmi
76	— " —	♀	80	5	3+	2+	Speigilflói
77	— " —	♂	98	8.7	2+	2+	Breidlan
78	— " —	♂	65	3.25	4	1+	Þriarhyllur
79	— " —	♀	94	7.5	3+	2+	Hagababbar syðri
80	— " —	♂	96	8.5	2+	2+ ⁵⁺	Breida
81	— " —	♀	60	3	2+	1+	— " — " — " —
82	— " —	♂	65	3	3	1+	Þriarhyllur
83	— " —	♂	64	2.9	2+	1+	Vallavæð
84	— " —	♂	72	4	3	1+	Mjórsund
85	— " —	♀	75	4.5	4+	2+	Þótarstrengur
86	— " —	♂	87	7.5	2+	2+	— " — " — " —
87	— " —	♂	65	3.5	3	1+	Strúðhólmi
88	— " —	♂	68	3.5	3	1+	Þyðhólmaheist
89	— " —	♂	68	2.5	2+	1+	Hólmaheist
90	— " —	♂	68	3	2+	1+	— " — " — " —
91	— " —	♂	65	3	4	1+	Mjórsund
92	— " —	♀	58	2.5	2+	1+	Mónjars
93	— " —	♂	70	3.5	2+	1+	Breidlan
94	— " —	♀	85	7	2+	2+ ⁴⁺	Hagababbar syðri
95	— " —	♀	65	3	9s	1+	Þjórgstrengur
96	— " —	♂	65	3	2+	1+	Tornaploð
97	20.07	♀	65	3	2+	1+	Breidlan
98	— " —	♂	66	3	4	1+	Þriarstrengur
99	— " —		90	7.1	4+	2+	Breidlan

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Laxi í AdalhlalFisktegund: Lax

Sendandi:

Fjöldi sýna: 226Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
100	20.07	♀	77	6.8	3 ⁺	2 ⁺	Hrólfsólmi
101	— " —	♂	85	6.5	95	2 ⁺	Breidam
102	— " —	♂	61	2.5	2 ⁺	1 ⁺	Sklopil
103	21.07	♀	60	3	2 ⁺	1 ⁺	Breidam
104	23.07	♀	83	6	2 ⁺	2 ⁺	Þóðarhytur
105	— " —	♂	65	3.5	2 ⁺	1 ⁺	Breidam
106	— " —	♀	85	6	2 ⁺	2 ⁺	Hólmarastífla
107	— " —	♂	92	8	2 ⁺	2 ⁺	Hrólfsólmi
108	— " —	♀		6	2 ⁺	2 ⁺	Mjósurnd
109	— " —	♂		3	2 ⁺	1 ⁺	Óseyri
110	— " —	♀		6.5	3	2 ⁺	Mjósurnd
111	— " —	♀		5.5	2 ⁺	2 ⁺	Hrólfsólmi
112	— " —	♂	70	3.5	4	1 ⁺	Mjósurnd
113	— " —	♂	60	2.5	2 ⁺	1 ⁺	Óseyri
114	— " —	♂	55	2	2 ⁺	1 ⁺	— " — " — " —
115	— " —	♀	65	3.5	2 ⁺	1 ⁺	Vallarast
116	— " —	♀		5.5	3 ⁺	2 ⁺	Mjósurnd
117	— " —	♂	62	3	3 ⁺	1 ⁺	Hólmarastífla
118	— " —	♂		4	3	1 ⁺	Heidarendi
119	— " —	♂		3	2 ⁺	1 ⁺	Hagarbraunur
120	— " —	♀		2.5	2 ⁺	1 ⁺	Hólmarastífla
121	— " —	♂	63	2.5	3 ⁺	1 ⁺	Heidarendi
122	— " —	♂		6.5	4 ⁺	2 ⁺	— " — " — " —
123	— " —	♂		3.5	4	1 ⁺	— " — " — " —
124	— " —	♂		2.5	3 ⁺	1 ⁺	— " — " — " —
125	— " —	♂	92	8	2 ⁺	2 ⁺ 55	Þóðarhytur
126	— " —	♂	92	8.5	3 ⁺	2 ⁺ 4 1 ⁺	— " — " — " —
127	26.07	♀	80	5.5	2 ⁺	2 ⁺	Breidam
128	— " —	♂	62	3	2	1 ⁺	— " — " —
129	31.07	♀	80	5.5	3 ⁺	2 ⁺	
130	— " —	♂	70	4	4	1 ⁺	
131	— " —	♀	83	5.5	2 ⁺	2 ⁺	
132	— " —	♀	25	4.5	2 ⁺	2 ⁺	

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: ðará í Adaldal

Fisktegund: lax

Sendandi:

Fjöldi sýna: 226

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
133	31.07	♂	96	9	2+	2+	
134	— " —	♀	86	7	2+	2+	
135	— " —	♀	82	6	2+	2+	
136	— " —	♂	100	9.8	2+	2+	
137	— " —	♀	83	5.5	2+	2+	
138	— " —	♀	85	6	2+	2+	
139	— " —	♀	60	2.5	3	1+	
140	— " —	♂	62	2.5	3+	1+	
141	— " —	♂	68	3	2+	1+	
142	— " —	♂	68	3	3	1+	
143	— " —	♂	70	3.5	3	1+	
144	— " —	♂		2.5	3+	1+	
145	— " —	♂	60	2.5	2+	1+	
146	— " —	♂	67	3	3+	1+	
147	— " —	♂	65	3	2+	1+	
148	— " —	♂	64	3	3	1+	
149	— " —	♂	66	3	2+	1+	
150	— " —	♂	61	2.5	3+	1+	
151	— " —	♂	75	4	2+	1+	
152	— " —	♀	66	2.5	2	1+	
153	— " —	♂	60	3	2+	1+	
154	— " —	♂	97	9	2+	2+ ss	
155	— " —	♀	85	8	2+	2+ ss	
156	— " —	♂	70	3.5	4	1+	
157	— " —	♀	65	2.5	2	1+ ss	
158	— " —	♂	70	3.5	2+	1+ ss	
159	— " —	♂	61	2.5	4+	1+	
160	— " —	♂	66	3	4+	1+	
161	— " —	♂	65	3	5	1+	
162	— " —	♂	64	2.3	4	1+	
163	— " —	♂	66	2.5	4+	1+	
164	— " —	♂	70	3.5	3	1+	
165	— " —	♀	90	2.5	95+	2+	

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Laxá í Adelbl

Fisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 226

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
166	31.07	♀	85	6	1+	2+SS	
167	— " —	♂	105	9.5	4+	2+	
168	02.08	♂	95	8.5	2+	2+	
169	03.08	♂	70	3.2	2+	1+	
170	— " —	♂	60	2	4	1+	
171	— " —	♂	63	2.8	2+	1+	
172	— " —	♂	65	2.5			
173	— " —	♀	56	2.3	2	1+SS	
174	— " —	♂	61	2.5	2+	1+	
175	04.08	♂	65	3.1	2+	1+	
176	— " —	♂	97	8	3+	2+	
177	— " —	♂	65	3	3+	1+	
178	— " —	♂	67	3.6	2+	1+	
179	— " —	♂	65	3	2+	1+	
180	— " —	♂	70	3	4+	1+	Briarhydur
181	— " —	♀	63	2.5	4	1+	
182	— " —	♂	69	3.5	2+	1+	
183	— " —	♀	65	3	2+	1+	Breida
184	— " —	♀	60	2.5	2+	1+	Hálfhola
185	— " —	♂	67	3.6	1+	1+SS	
186	14.08	♂	61	2.4	3+	1+	
187	— " —	♀	85	6.5	3+	2+	
188	— " —	♀		7.5	9S	2+	
189	15.08	♂	65	2.5	9S+	1+	
190	16.08	♂	65	3	3	1+	Briarhydur
191	— " —	♂	61	2.5	3	1+	Lilla-Núpsbræðir
192	17.08	♂		3	2+	1+	
193	20.08	♂	103	9.5	2+	3	
194	— " —	♀	62	2.6	9S	1+	
195	31.08	♀	75	8	2+	1+	
196	01.09	♂	54	2	9S	1+	
197			80	6.2	3+	2+	
198		♀		2.5	3	1+	Hagundarn

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Laxi í Hólablál

Fisktegund: Lax

Sendandi: _____

Fjöldi sýna: 226

Veidiár: 1988

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
99			75	3	3+	1+	
00		♀	65	3	3	1	Kristbjörg
01	10.08	♂	62	2.7	3+	1+	Nes
02	"	♂	68	3.5	3+	1+	"
03	"	♂	62	3	2+	1+ss	"
04	"	♂	67	3.5	3+	1+	"
05	"	♂	67	2.7	2+	1+	"
06	"	♂	62	3	2+	1+	"
07	"	♂	65	3.2	2+	1+ss	"
08	"	♂	62	2.5	2+	1+	"
09	17.08	♂	95	10.	2+ss	1+	"
10	"	♂	64	3	3+	1+	"
11	"	♀	85	7	3+	2+	"
12	"	♀	80	6	2+	2+ss	"
13	"	♀	78	5.5	2+	1+ss	"
14	"	♂	95	10.	2+	2+ss	"
15	"	♂	71	3.5	3+	1+	"
16	"	♂	63	2.7	2+	1+	"
17	"	♀	95	9	2+	2+ss	"
18	"	♀	88	8.5	2+	2+	"
19	"	♂	64	3.5	3+	1+	"
20	20.08	♂	108	12	3+	3+	"
21	21.08	♂	94	9.5	2+	2+	"
22	"	♀	89	8.5	2+	2+	"
23	"	♀	84	8	2+	2+ss	"
24	22.08	♂	65	3.2	3+	1+	"
25	23.08	♀	88	8.5	2+	2+	"
26	"	♂	65	3.2	2+	1+	"